

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 7/2013

2013/EES/37/26

frá 8. janúar 2013

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisstærð loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 skulu framleiðsluvörur, hlutar og búnaður fullnægja kröfum um umhverfisvernd í 16. viðauka við samninginn um alþjóðlegt almenningsflug (hér á eftir nefndur Chicago-samningurinn), eftir því sem við á, frá 20. nóvember 2008, að því er varðar I. og II. bindi, að undanskildum viðbættum hans.
- 2) Gerðar hafa verið breytingar á Chicago-samningnum og viðaukum við hann eftir að reglugerð (EB) nr. 216/2008 var samþykkt.
- 3) Því ber að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 ⁽²⁾ til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álitum sem Flugöryggisstofnunin gaf út í samræmi við b-lið 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr:

Ákvæðum 21. hluta í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað a-liðar 21A.4 í A-kafla A-þáttar komi eftirfarandi:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 4, 9.1.2013, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2013 frá 14 júní 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1.

„a) fullnægjandi samræmingu hönnunar og framleiðslu eins og krafist er í 21A.122, 3. og 4. mgr. b-liðar 21A.130, 21A.133 og 2. og 3. mgr. c-liðar 21A.165, eftir því sem við á, og“.

- 2) Í stað b-liðar 21A.130 í F-kafla A-þáttar komi eftirfarandi:

„b) Í samræmisýfirlýsingu skal vera:

1. fyrir hverja framleiðsluvöru, hluta eða búnað, yfirlýsing um að framleiðsluvaran eða búnaðurinn samræmist samþykktum hönnunargögnum og sé í öruggu rekstrarástandi og
2. fyrir hvert loftfar, yfirlýsing um að loftfarið hafi verið prófað á jörðu niðri og í flugi í samræmi við a-lið 21A.127 og
3. fyrir hvern hreyfil eða skiptiskrúfu, yfirlýsing um að framleiðandi hafi gert lokaprófun á virkni hreyfilsins eða skiptiskrúfunnar í samræmi við 21A.128 og
4. auk þess, þegar um er að ræða hreyfla, yfirlýsing um að fullgerður hreyfill uppfylli allar viðeigandi losunarkröfur sem eru í gildi á framleiðsludegi hreyfilsins.“

- 3) Í stað 2. og 3. liðar c-liðar 21A.165 í G-kafla A-þáttar komi eftirfarandi:

„2. skal staðfesta að aðrar framleiðsluvörur, hlutar eða búnaður séu fullgerð og samræmist samþykktum hönnunargögnum og séu í öruggu rekstrarástandi, áður en hann gefur út EASA-eyðublað nr. 1 til að votta samræmi við samþykkt hönnunargögn og rekstraröryggi,

3. auk þess, þegar um er að ræða hreyfla, skal staðfesta að fullgerður hreyfill uppfylli allar viðeigandi losunarkröfur sem eru í gildi á framleiðsludegi hreyfilsins.

4. skal staðfesta að aðrar framleiðsluvörur, hlutar eða búnaður samræmist viðeigandi gögnum áður en hann gefur út EASA-eyðublað nr. 1 sem samræmisvottorð.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. janúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO
